

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir árið 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalda vera 1. desember og eindagi 1. febrúar 1986.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi nr. 236/1984 fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 445/1978 um flokkun eiturefna og
hættulegra efna, með síðari breytingum.**

1. gr.

Nýtt efni á lista IV A:

METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAL)

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. október 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað
nr. 318 frá 23. júní 1981.**

1. gr.

11. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Gróðurskálar innangengir úr húsum 1½%.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. málsgrein, svohljóðandi:

Bæjarráði er heimilt þegar ástæða þykir til að ákveða rýmri greiðslutilhöggun á gatnagerðargjöldum en að ofan greinir.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatangerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.

F.h.r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.

AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr.
laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 215 300,00.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 15 500,00.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1985 og gildir til jafnlangdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160/1982 fyrir heilsugæslustöðvar.

1. gr.

53. gr. 4. tl. orðist svo:

53.4. Heilsugæslustöðvar annast tannvernd í skólum með eftirfarandi hætti:

1. Fyrirbyggjandi aðgerðum t. d. fluorskolun eða fluorburstun og kennslu tannhirðu.
2. Sýningu fræðslumynda með skýringum.
3. Afhendingu og útskýringu fræðslubæklinga.
4. Tannskoðun minnst einu sinni á ári framkvæmdri af tannlækni.
5. Tannviðgerðum.

Þjónustan skal veitt af tannlæknum og aðstoðarfólki þeirra þar sem því verður við komið. Einnig af læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heildbrigðisstarfsmönnum eftir því sem hentar á hverjum stað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. október 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.